



- j) Skólaráð og stjórnendur Lundarskóla fara fram á að myndaður verði samstarfshópur um fyrirhugað deiliskiplag svæðisins og að skólaráð skólans fái að koma að þeirri vinnu strax á fyrstu stigum.
- k) Skólaráð Lundarskóla leggur mikla áherslu á að aðkomunni eins og hún er í dag verði haldið.
- l) Leysa þarf skipulag Dalsbrautar fyrst og fremst út frá umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Svar skipulagsnefndar:

- a) Dalsbrautarsvæðið er skilgreint fyrir tengibraut í aðalskipulagi og hefur verið svo frá 1975. Núgildandi Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var staðfest af umhverfisráðherra 15.12.2006. Í aðalskipulaginu var gert ráð fyrir lagningu Dalsbrautar sem nú er fyrirhuguð. Deiliskipulagstillagan sem nú er í skipulagsmeðferð byggir á þeim heimildum og er samkvæmt stefnuskrá L-listans um markmið í skipulagsmálum á kjörtímabilinu. Fram kemur í skýrslu EFLU „Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar“ dags. 29.3.2001 að Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis sé ekki nauðsynleg vegna umferðarþunga í fyrirséðri framtíð, en lagning hennar myndi engu að síður létta á eða draga úr vexti umferðar á öðrum leiðum eins og á Þingvallastræti, Þórunnarstræti og Hlíðarbraut. Jafnframt er í skýrslunni talið að aðrar ástæður en umferðarþungi kunna að liggja að baki því að menn ákveða að leggja Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis. Augljósasti kostur Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis er að með lagningu götunnar munu leiðir stytast, samgöngur milli hverfa vera greiðari og umferðarkerfi Akureyrar verður heilsteiptara sem stuðlar að jafnari dreifingu umferðar. Skipulagsnefnd hefur tekið ákvörðun um að falla frá heimild um nýja innkeyrslu að Lundarskóla. Tekið er því tillit til athugasemdarinnar.
- b) Sjá svar við lið a.
- c) Sjá svar við lið a.
- d) Tekið er tillit til athugasemdarinnar og setningin felld út í greinargerð.
- e) Lundarskóli er í u.þ.b. 100m fjarlægð frá Dalsbraut. Gert er ráð fyrir að hljóðmön austan Dalsbrautar að gangbraut Lundarskóla verði látin halda sér. Samkvæmt hljóðskýrslu EFLU dags. 22.6.2011 er ekki talin þörf á hljóðmönnum á kaflanum frá Skógarlundi að Þingvallastræti. Hljóðstig á svæðinu við Dalsbraut er reiknað samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Með tilliti til mótvægisáðgerða verði áhrif umferðar um Dalsbraut á hljóðvist óveruleg.
- f) Stefna Akureyrbæjar er að lágmarka umferðarhraða í nágrenni við grunnskóla við 30 km eins og lagt er til á þessum hluta götunnar. Í aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Dalsbraut skilgreind sem tengibraut og er því ekki óeðlilegt að leyfður hámarkshraði sé allt að 50 km. Í tillögunni er gert ráð fyrir, á kaflanum frá Miðhúsabraut að Skógarlundi, verði heimilt að aka á 50 km hraða. Kaflinn frá Skógarlundi að Þingvallastræti er skilgreindur sem 30 km gata m.a. vegna nálægðar við Lundarskóla. Umferðarstýrð gönguljós munu stýra umferðarhraða á svæðinu þannig að ef ekið er hraðar en 30 km á kaflanum loga rauð ljós og breytast ekki fyrr en komið er niður í löglegan hraða. Með þessu er hægt að tryggja að umferðarhraðinn verði innan löglegra marka m.a. vegna öryggis barna.